

# Hvers vegna er óskynsamlegt að senda inn umsókn um inngöngu í ESB?

## 1. Er það ekki vilji þjóðarinnar?

Skoðanakannanir sýna að þjóðin vill meiri upplýsingar um það sem hugsanlega fælist í aðild að Evrópusambandinu. Í könnunum snúast spurningarnar oftast um hvort menn vilja „viðræður um aðild“. En þegar spurt er hvort fólk vilji að Ísland gangi í ESB þá er útkoman allt önnur. Á þessu ári hafa allar skoðanakannanir nema ein sýnt að meiri hluti þjóðarinnar er andvígur ESB-aðild. Sem sagt: þótt meiri hlutinn vilji viðræður við ESB bendir flest til þess að þjóðin sé ekki reiðubúin að sækja um inngöngu í ESB. Þjóð sem ekki vill ganga í ESB sækir ekki um inngöngu. Þjóðin vill könnunarviðræður en ekki umsókn um inngöngu í ESB.

## 2. Getum við vitað hvað okkur býðst án þess að sækja um aðild?

Við vitum nú þegar 95% hvað fælist í aðild. Ráðamenn ESB eru varla svo þverir að ekki megi draga upp úr þeim í könnunarviðræðum það sem á vantar. Það væri áreiðanlega einsdæmi ef þjóð legði sig í flókið og langvinnt inngöngu og aðlögunarferli ESB til þess eins að fá uppgefið hvað felst í pakknum.

## 3. Er þetta ekki rétti tíminn til inngöngu í ESB?

Nei, þetta er afleitur tími til að senda umsókn um aðild, þegar miklar þrengingar steðja að þjóðinni. Ef menn vilja ganga í ESB þá er hyggilegra að bíða þar til þjóðin stendur sterkar að vígi og samningsstaða hennar er betri.

## 4. Þurfum við ekki að hraða okkur til að fá evru?

Fall krónunnar og vonir um gjaldmiðilsskipti með upptöku evru eru aðalrök þeirra sem vilja hraða inngöngu Íslands í ESB. Þó er vitað að við munum ekki uppfylla skilyrðin fyrir upptöku evru um langt árabíl. Við uppfylfum ekkert þessara skilyrða sem stendur og höfum aldrei uppfyllt þau öll samtímis frá því að evran komst í umferð. Samkvæmt nýjustu útreikningum mun það taka Íslendinga 30 ár að uppfylla skilyrðið um að skuldir hins opinbera séu ekki hærrí en 60 % af vergri landsframleiðslu, sbr. hádegisfréttir RÚV 12. maí s.l. Þar með datt botninn endanlega úr þeirri röksemd að við þurfum að hraða okkur inn í ESB til að taka upp evru.

## 5. Er ekki skaðlaust að sækja um inngöngu og fella svo samninginn?

Nei! Það er ekki skaðlaust að fara inn í flókið inngöngu og aðlögunarferli ESB og síðan kemur í ljós að þjóðin vill ekki ganga inn þegar til kastanna kemur og hafnar samningsdrögunum. Höfnunin hefði það í för með sér að samskipti Íslands við ESB yrðu

stirðari næstu árin á eftir og er þó ekki á bætandi eftir icesafe-klúðrið. Eftir að Norðmenn höfnuðu aðild að ESB 1973 bjuggu þeir um margra ára skeið við lakari samninga við ESB en Íslendingar sem gerðu fríverslunarsamning við EBE (forveri ESB) árið 1972.

## 6. Er ekki ESB-aðild brýnasta mál þjóðarinnar?

Nei, það er af og frá. Atvinnumálin, skuldastaða heimilanna og skuldir þjóðarbúsins eru miklu meira aðkallandi og fráleitt að efna til sundrunar og klofnings meðal þjóðarinnar þegar við Íslendingar höfum mesta þörf fyrir að standa saman og finna lausn á aðsteðjandi vanda. ESB hefur ekki komið þeim aðildarríkjum sínum til hjálpar sem í mestum vanda eru vegna kreppunnar heldur hefur vísað þeim til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Framboðið til Öryggisráðs Sp kostaði 500 milljónir kr. Hve mörgum sinnum meira mun tveggja ára umsóknarferli kosta áður en þjóðin fellir samninginn um inngöngu í ESB?

---

Vilt þú taka þátt í baráttunni fyrir sjálfstæði Íslands? Skráðu þig í Heimssýn á [www.heimssyn.is](http://www.heimssyn.is)

Á vefsíðunni má finna greinar og bæklinga um ESB málefni.

